



FUNDARGERÐ
39. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 18. ágúst 2025
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2025 - 2503077

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstur byggðasamlagsins janúar-júli 2025.

2. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2025. Viðaukar - 2508021

Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Odda bs. 2025.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir tillögu að viðauka 1 fyrir Odda bs.

Lögð fram drög að viðauka 1 við rekstraráætlun Odda bs 2025. Greinargerð fylgir viðaukanum.

Stjórn Odda samþykkir að óska eftir nánari skýringum og forsendum fyrir hækkuðum launakostnaði. Afgreiðslu málsins frestað.

Samþykkt samhljóða.

3. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit 2025. - 2501053

Á fundinn mæta Kristín Ósk Ómarsdóttir leikskólastjóri á Laugalandi, Sigrún B. Benediktsdóttir fráfaramandi leikskólastjóri á Laugalandi og Ingigerður Stefánsdóttir leikskólastjóri Heklukots og fara yfir stöðu mála í sínum skólum. Mönnun leikskólanna er í góðum farvegi og fyrirséð að það náist að taka inn leikskólabörn þegar þau hafa aldur til. Gert ráð fyrir að um 78 börn verði á Heklukoti og um 44 á leikskólanum á Laugalandi.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

4. Þróun leikskólastarfs - 2403081

Lagðar fram niðurstöður foreldrakannana í leikskólunum vegna nýrrar gjaldskrár Odda bs. og starfsmannakannnrir í leikskólunum.

Stjórn Odda samþykkir að óbreytt fyrirkomulag verði á gjaldskrá Odda bs skólaárið 2025-

2026 og reynslan metin aftur vorið 2026.

Samþykkt samhljóða.

5. Skólaakstur frá Hólum 2. - 2508022

Lögð fram beiðni Haraldar Gísla og Guðleifar á Hólum 3 um hvort möguleiki sé að fá skólaakstur í átt til þeirra næsta skólaár en börnin hafa verið að fara í Laugalandsskóla.

Stjórn Odda bs. samþykkir að bjóða foreldrum þá lausn að ef laust pláss er í skólabíl fyrir börnin sé hægt að taka við börnunum á efsta bæ þar sem skólaastur er fyrir hendi á Landvegi.

Samþykkt samhljóða.

6. Beiðni um skólaakstur - Grunnskólinn á Hellu - 2505032


Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.


Lögð er fram tillaga að næsti stjórnarfundur Odda bs. verði mánudaginn 8. sept. nk. kl. 8.15 á Hellu en eftir þann fund verði reglulegir stjórnarfundir Odda bs. fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 8:15.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson

